



# Laugavegur 105 fyrir skapandi greinar

## Við leitum að samstarfsaðila til að halda utan um rekstur í húsnæði fyrir skapandi greinar

Leitað er eftir aðila sem tekur húsnæðið á leigu og sér um mögulega framleigu og utanumhald í samvinnu við Reykjavíkurborg.

Gert er ráð fyrir að húsnæðið verði nýtt sem vinnu- og lærdómsaðstaða þar sem skapandi greinar svo sem listgreinar, hönnun, forritun og önnur nýsköpun komi saman.

Markmiðið er að efla sköpun í breiðum skilningi, binda saman sköpunarkraft einstaklinga og minni fyrirtækja í borginni, efla fræðslu og þekkingarmyndun fyrir skapandi fólk og ýta undir tengslamyndun í skapandi greinum.

Við val á rekstraraðila verða nýnæmi hugmyndar, hönnun og útlit, tenging við anda skipulags á svæðinu, tilboð í eignina, þekking, reynsla og fjárhagsgeta hans ásamt viðskiptahugmynd metin.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum. Áhugasamir eru beðnir um að láta vita tímanlega af skoðun eða senda fyrirspurn með því að senda tölvupóst til eignaskrifstofu Reykjavíkur á [esr@reykjavik.is](mailto:esr@reykjavik.is).

Skilafrestur fyrir áhuga- og hugmyndalýsingu er til og með **1. nóvember 2023** „Rekstur fyrir skapandi greinar á Laugavegi 105“.

Nánar á [reykjavik.is/leiga](https://reykjavik.is/leiga)



Reykjavík